

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrár Flugmálastjórnar Íslands, nr. 200/2012, Siglingastofnunar Íslands, nr. 1145/2012, og Umferðarstofu, nr. 1291/2011 og 1292/2011.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á gjaldskrá fyrir þjónustu Flugmálastjórnar Íslands, nr. 200/2012:

a. Í stað 3. gr. kemur eftirfarandi:

3. Útgáfa lofthæfiskírteina og hljóðstigs- og mengunarvottorðs.

3.1 Greiða skal fyrir fyrstu útgáfu lofthæfiskírteina og hljóðstigs- og mengunarvottorða miðað við flugtaks massa loftfars:

3.1.1	Fyrir loftför allt að 2.700 kg	18.196 kr. + 12,45 kr./kg
3.1.2	Fyrir loftför 2.700-5.700 kg	27.134 kr. + 10,37 kr./kg
3.1.3	Fyrir loftför 5.701-50.000 kg	127.690 kr. + 11,17 kr./kg
3.1.4	Fyrir loftför yfir 50.000 kg	638.452 kr. + 6,38 kr./kg

Heimilt er að endurgreiða hlutfallslega gjald vegna fyrstu útgáfu lofthæfiskírteinis, ef skráning loftfars varir skemur en 12 mánuði. Endurgreiða skal 1/12 hluta gjaldsins fyrir hvern heilan mánuð sem loftfarið er skemur á skrá en 12 mánuði, þó þannig að lágmarksgjald sé 6/12 af fullu gjaldi.

3.2 Gjald fyrir útgáfu lofthæfiskírteinis til útflutnings er helmingur gjalds fyrir fyrstu útgáfu.

3.3 Gjald fyrir útgáfu tímabundins lofthæfiskírteinis sem gilda skal skemur en 30 daga (t.d. framlengingu lofthæfiskírteinis eða ferjuheimild) skal nema 3/12 af gjaldi fyrir fyrstu útgáfu lofthæfiskírteinis. Fyrir gildistíma umfram 30 daga skal gjaldið vera hlutfall af gjaldi fyrir fyrstu útgáfu lofthæfiskírteinis á hvern byrjaðan mánuð, þó minnst 3/12 af gjaldi skv. 3.1.

3.4 Gjald fyrir fyrstu útgáfu lofthæfiskírteinis loftfars sem ekki er vélknúíð er 25% af gjaldi fyrir vélknúin loftför.

3.5 Nú er loftfar skráð erlendis fært á flugrekandaskírteini íslensks flugrekanda og skal þá greiða fyrir heimild eins og um fyrstu útgáfu lofthæfiskírteinis héraðs væri að ræða.

3.6 Fyrir útgáfu vottorðs til staðfestingar á lofthæfi skal greiða samkvæmt tímagjaldi, sbr. gr. 2.1.

b. Í stað orðanna „9. gr. laga nr. 100/2006 um Flugmálastjórn Íslands, sbr. 1. gr. laga nr. 171/2006“ í 12. gr. gjaldskrárinnar kemur: III. kafla laga nr. 119/2012, um Samgöngustofu, stjórnarsýslustofnun samgöngumála.

c. Tilvísun til Flugmálastjórnar Íslands lesist sem tilvísun til Samgöngustofu, í viðeigandi beygingarfalli.

d. Heiti gjaldskrárinnar verður: **Gjaldskrá fyrir Samgöngustofu – flugmál.**

2. gr.

Eftirfarandi breyting verður á gjaldskrá Siglingastofnunar Íslands, nr. 1145/2012:

a. Í stað orðanna „3. gr. a laga um Siglingastofnun Íslands nr. 6/1996, með síðari breytingum“ kemur: III. kafla laga nr. 119/2012 um Samgöngustofu, stjórnarsýslustofnun samgöngumála.

b. Heiti IX. kafla gjaldskrárinnar verður: **Gjöld skv. lögum um Samgöngustofu, stjórnarsýslustofnun samgöngumála, nr. 119/2012.**

c. Tilvísun til Siglingastofnunar Íslands lesist sem tilvísun til Samgöngustofu, í viðeigandi beygingarfalli.

d. Heiti gjaldskrárinnar verður: **Gjaldskrá fyrir Samgöngustofu – siglingamál.**

3. gr.

Eftirfarandi breyting verður á gjaldskrá fyrir þjónustu Umferðarstofu, nr. 1291/2011:

- a. Í stað orðanna „64. og 114. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 83 10. maí 2002“ í liðnum **Annað** kemur: 64. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og III. kafla laga nr. 119/2012 um Samgöngustofu, stjórnslustofnun samgöngumála.
- b. Tilvísun til Umferðarstofu lesist sem tilvísun til Samgöngustofu, í viðeigandi beygingarfalli.
- c. Heiti gjaldskrárinnar verður: **Gjaldskrá fyrir Samgöngustofu - umferðarmál.**

4. gr.

Eftirfarandi breyting verður á gjaldskrá Umferðarstofu, nr. 1292/2011:

- a. Í stað orðanna „64. og 114. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 83 10. maí 2002“ í 5. gr. kemur: 64. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og III. kafla laga nr. 119/2012 um Samgöngustofu, stjórnslustofnun samgöngumála.
- b. Tilvísun til Umferðarstofu lesist sem tilvísun til Samgöngustofu, í viðeigandi beygingarfalli.
- c. Heiti gjaldskrárinnar verður: **Gjaldskrá fyrir Samgöngustofu – skráning ökutækja o.fl.**

5. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Auglýsing þessi er sett með heimild í III. kafla laga nr. 119/2012, um Samgöngustofu, stjórnslustofnun samgöngumála, og öðlast gildi 1. júlí 2013.

Innanríkisráðuneytinu, 27. júní 2013.

Hanna Birna Kristjánsdóttir.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 28. júní 2013